



F U N D A R G E R Ð

**Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn
föstudaginn 20. október 2017 kl. 14:00.
á skrifstofu SSV í Borgarnesi.**

Mætt voru: Kristinn Jónasson, formaður, Karitas Jónsdóttir, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Finnbogi Leifsson, Sturla Böðvarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. Sævar Jónsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Gestir fundarins undir lið 2b: Þorsteinn Eyþórsson, starfsmaður Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum, Hafsteinn Gunnarsson og Páll Kolka, ráðgjafar hjá ReSource International.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð frá 14. júní 2017. Samþykkt.

2. Framkvæmdir við hreinsivirki og metangas

a. Hreinsivirki við rein nr. 4.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu við endurgerð hreinsivirkis við urðunarrein nr. 4. Skipt var um jarðvegsefni samkvæmt ráðleggingum frá EFLU verkfræðistofu. Fyrstu sýni hafa verið tekin en niðurstöður ekki komnar í hús. Frárennslí er talsvert tærara en var og gefur það jákvæða sýn á að verkefnið hafi tekist.

b. Kynning frá ReSource á lokahönnun á safnkerfi.

Fulltrúuar frá ReSource, verkfræðistofu, komu inn á fundinn og kynntu hönnun að gassöfnunarkerfi fyrir urðunarstaðinn, þ.e. rein nr. 4, og framkvæmdir við fyrsta hluta reinarinnar. Tilboð ReSource hljóðar upp á kr. 18.265.436. Samþykkt með fyrirvara um að ekki verði gerðar athugasemdir við kerfið af hendi eftirlitsaðila og tryggt sé að kyndillinn standist íslenskar veðuraðstæður.



3. Gjaldskrá

Tillaga að breyttri gjaldskrá.

Almennur úrgangur úr 7,70 í 7,90 pr./kg. án vsk.

Slátturúrgangur úr 14,80 kr. í 15,10 kr./kg./án vsk.

Seyra úr 7,70 í 7,90 pr./kg. án vsk.

Kurlað timbur 1,65 kr./kg. án vsk. Samkvæmt gjaldskrá frá 1.9. sl.

Asbest úr 10,80 í 11,00 pr./kg. án vsk.

Hækjunin tekur gildi 1. janúar 2018

4. Rekstur urðunarsvæðis

a. magntölur

11.436 tonn höfðu borist til urðunar tímabilið janúar – september sem er 19% aukning ef miðað er við sama tímabil fyrir árið 2016. Rætt um kynningarmál sveitarfélaga vegna flokkunar og hvort hægt sé að gera betur í þeim eftum.

b. Net

Framkvæmdastjóri greindi frá niðurstöðu sinni á netamálinu, n.t.t. sem er netahaugur sem liggur í enda urðunarreinarar nr. 4. Ekkert hefur þokast í þá átt að SFS sendi gám eftir netunum, eins og talað var um. Því ekki annað í stöðunni en urðun á úrganginum.

c. Girðing stækkuð kringum urðunarsvæðið

Framkvæmdastjóri greindi frá nauðsyn þess að huga að því að girða af stærra svæði og miða þá við það svæði sem er afmarkað í aðalskipulagi. Samþykkt.

5. Fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár, 2018. Samþykkt.

6. Starfsmannamál

Ólafur Sigurðsson, starfsmaður í Fiflholtum, hefur sagt upp störfum frá og með áramótum. Auglyst var eftir starfsmanni í hans stað í september sl. Alls bárust fimm umsóknir um starfið. Þorkell Þórðarson hefur verið ráðinn í starfið.

7. Vorferð stjórnarmanna til Noregs og Svíþjóðar 25. – 28. júní sl.

Kristinn, Ásta Kristín, Karitas og Hrefna greindu frá skoðunarferð sveitarstjórnarmanna sorpsamlaga á suðvesturhorni Íslands, þ.e. suðurnesjum, suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi. Lögð fram samantekt úr skoðunarferðinni. Samþykkt að senda samantektina á sveitarfélög á Vesturlandi til kynningar.

Kristinn Jónasson vék af fundi og varaformaður stjórnar, Arnheiður Hjörleifsdóttir, tók við stjórn fundarins.

KJ
HJ

8. Samráðsnefnd SV-hornsins og endurskoðun sameiginlegrar svæðisáætlunar á Suðvesturlandi

Framkvæmdastjóri fór yfir upphaf vinnu við endurskoðun svæðisáætlunar og fyrirhugaða skoðunarkönnun sem send verður öllum sveitarstjórnarmönnum á svæðinu.

Framkvæmdastjóra falið að senda á sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi tölvupóst og tilkynna um könnunina svo vænta megi að gott hlutfall svara berist frá hópnum.

9. Önnur mál.

a. Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram fundargerð frá 15. júní 2017.

Fundi slitið kl. 16.10

HBJ

*S. Þimmeij. Sepp
Asta K. Guðmundsdóttir
Karinus Jónsdóttir
Karinus Jónsdóttir
Ankerur Höglund*